



Mannauðsstefna Austurbrúar

austurbru.is



Austurbrú er metnaðarfullur vinnustaður sem leggur áherslu á að skapa jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi fyrir fjölbreyttan hóp sérfræðinga og verkefnastjóra. Markmið stofnunarinnar er að tryggja að starfsfólk njóti sanngjarnra starfsskilyrða og tækifæra til persónulegs og faglegs vaxtar. Vinna og verklag varðandi mannauðsmál er skilgreint og skýrt í viðeigandi ferlum sem aðgengilegir eru öllum starfsmönnum á innri vef stofnunarinnar. Mannauðsstefna Austurbrúar byggir á gildum eins og trausti, jafnrétti, fagmennsku og nýsköpun, sem endurspeglast í daglegu starfi.

Jafnrétti og fjölbreytileiki

Hjá Austurbrú er jafnrétti hornsteinn mannauðsstefnunnar. Starfsauglýsingar höfða til allra hæfra umsækjenda og ráðningarferli miðar að því að tryggja hlutlaust og faglegt valferli. Stofnunin er jafnlaunavottuð samkvæmt staðlinum ÍST85, og launagreiningar eru framkvæmdar árlega til að tryggja jöfn laun fyrir sambærileg störf óháð kyni eða öðrum þáttum. Jafnlaunateymi ber ábyrgð á starfrækslu og rekstri kerfisins. Í jafnlaunateymi sitja yfirverkefnastjóri innri mála og verkefnastjóri fjármála. Jafnréttisteymi vinnur markvisst að samþættingu jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku. Í jafnréttisteymi sitja yfirverkefnastjóri innri mála, trúnaðarmaður og tveir úr hópi starfsmanna, skipaðir til 2ja ára í senn.

Starfsskilyrði og vinnumenning

Starfsskilyrði hjá Austurbrú taka mið af gildandi lögum og kjarasamningum. Áhersla er á vinnuumhverfi sem einkennist af trausti, samstarfi og jafnvægi. Verkferlar varðandi starfsskilyrði og launamál eru skýrir og aðgengilegir öllum starfsmönnum á innri vef. Launakerfi byggir á niðurstöðu starfsmats og launaröðun á kjarasamningi Visku og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfslýsingar endurspeglar ábyrgð og verksvið og eru yfirfarnar og endurskoðaðar í starfsmannasamtölum sem fara fram tvisvar á ári. Í siðareglum Austurbrúar eru sett fram skýr viðmið um fagmennsku, ábyrgð og virðingu í öllum störfum. Tekið er vel á móti nýju starfsfólki með markvissri aðlögun eftir ákveðnu ferli sem tryggir að það fái nauðsynlegar upplýsingar um hlutverk og ábyrgð.

Velferð og heilsuefling

Austurbrú leggur metnað í að tryggja öryggi, vellíðan og heilbrigði starfsfólks. Með þátttöku í verkefninu Heilsueflandi vinnustaður vinnur stofnunin markvisst að umbótum á aðbúnaði og vinnuaðstæðum. Starfsfólki býðst árlegur heilsustyrkur, flensuspauptur og þátttaka í fjölbreyttum heilsueflingarverkefnum. Árlegar kannanir á líðan starfsfólks veita grunn til umbótaverkefna sem miða að því að efla starfsánægju og draga úr hættu á kulnun. Velferðarteymi sem vinnur að markmiðum og aðgerðum verkefnisins Heilsueflandi vinnustaður skal skipað yfirverkefnastjóra innri mála og þremur úr hópi starfsmanna, skipaðir til 2ja ára í senn.

Sveigjanleiki og jafnvægi

Austurbrú styður jafnvægi milli vinnu og einkalífs með því að bjóða sveigjanlegan vinnutíma, styttingu vinnuvikunnar og ákveðinn hluta vinnuskyldunnar í heimavinnu. Starfsfólk er hvatt til að nýta rétt til fæðingar- og foreldraorlofs og reynt að mæta þörfum starfsmanna fyrir sveigjanleika vegna foreldraábyrgðar. Starfsmenn eru hvattir til að nýta orlofsrétt sinn og mælst til að hver starfsmaður nái að minnsta kosti þremur samfelldum orlofsvikum á því orlofstímabili sem sumarlokun stofnunarinnar stendur yfir.

Starfsþróun og fræðsla

Austurbrú leggur áherslu á að efla hæfni starfsfólks með skipulögðu fræðslu- og starfsþróunarferli. Árleg fjárhagsáætlun stofnunarinnar gerir ráð fyrir tímum til sí- og endurmenntunar, sem miðar að því að viðhalda þekkingu og undirbúa starfsfólk fyrir nýjar áskoranir. Þannig tryggir Austurbrú að sérfræðingar hennar haldi sér í fremstu röð í síbreytilegu starfsumhverfi. Starfsþróunarþarfir eru kannaðar í starfsmannasamtölum sem fara fram tvisvar á ári.

Stjórnun og samskipti

Stjórnendur Austurbrúar eru ábyrgir fyrir að byggja upp og viðhalda hvetjandi starfsumhverfi sem stuðlar að faglegum árangri og starfsánægju. Með reglulegri endurgjöf og opnum samskiptum eru stjórnendur virkir í að efla starfsfólk og tengja það við stefnu og markmið stofnunarinnar. Starfsmannasamtöl eru haldin tvisvar á ári, en starfsfólki gefst einnig tækifæri til að óska eftir launasamtölum í samræmi við kjarasamning.

Ábyrgð og gagnsæi

Austurbrú leggur mikla áherslu á ábyrgð og gagnsæi í starfsemi sinni. Mannauðsstefnan er hornsteinn innra starfs Austurbrúar. Stjórnendur og starfsfólk vinna saman að því að innleiða ferla og verklag sem styðja við markmið og stefnu stofnunarinnar. Allir ferlar og verklagsreglur eru aðgengilegar á innri vef stofnunarinnar. Þannig vinnum við að því að standa undir þeim væntingum sem gerðar eru til Austurbrúar sem vinnustaðar og hreyfiafls í samfélaginu. Allir verkferlar varðandi mannaúsmál eru skrásettir og fylgt er stöðluðu vinnulagi við alla verkþætti er snúa að málefnum starfsfólks.

Framtíðarsýn

Austurbrú er staðráðin í að vera vinnustaður þar sem starfsfólk nýtir hæfni sína og þekkingu með það að leiðarljósi að efla Austurland. Með áherslu á jafnrétti, velferð og faglega framþróun skapar stofnunin forsendur fyrir metnaðarfullu og áhrifaríku starfi í þágu samfélagsins.

Stjórnendateymi

Útgáfa 1.0 – 15.12.2024

